



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 14. mars 2023

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: þri.14.03.2023 kl. 14:00

Mætt: Íris, Ragnar, Sirrý, Anna, Áróra, Alexandra. Fjarverandi: Olga, Sunna

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Fundur og fundargerð

Meirihluti stjórnar var mættur og telst því lögmætur.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Rannsóknarverkefni og starfsemi GB

Farið var yfir stöðu verkefna; sjá neðangreinda töflu. Þar af búið að fá greitt 22,8 mkr, ógreiddar 82mkr, sendar umsóknir fyrir 18 mkr. Rætt um kynningu á útgefnu efni, t.d. úrgangsskýrslu og BREEAM skýrslur (ritröð?).

CIRCON ráðstefna áformuð í september.

Askur 2022	HringRás Orkunotkun
Askur 2023	Orkunotkun (frh) hönnuð og mæld Kolefnishlutlaus bygging í íslensku samhengi
BGF styrkir frá UOL	Úrgangsskýrsla BREEAM hagaðilagreining BREEAM LCA BREEAM LCC



CIRCON	2022-2024, í vinnslu
Nordic Networks for Circular Construction	2023, Katarzyna fylgir eftir
Losunarlausir verkstaðir (Nordic Sustainable Construction)	2022-24, fyrsta skýrsla kynnt nk. fim (streymi). Stórt samstarfsverkefni.
Umsóknir inni	Climate Accelerator (NSC) – sótt um fyrir GB – svar í lok mars Limit values (NSC) með aðilum VTT
Hugmyndir - óstaðfest	EU Pathfinder – ný byggingarefni, HÍ ? Norska umhverfisráðuneytið

Rannsóknarstyrkir hafa gert það að verkum að GB er ekki jafnháð aðildagjöldum og áður. Mætti móta jafnvægi milli rannsóknarvinnu og almennrar starfsemi, fræðslu og miðlunar. Það má hugsa sér ramma utan um umfang rannsóknarstarfs.

3. Stefnumótun og aðalfundur

Aðalfundur verður undirbúinn á fundi 18. apríl. Áróra undirbýr fundarskjöl og sendir á stjórn. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs mun litast mjög mikið af starfsemi GB og áherslum.

Lagabreytingartillögur voru ræddar og mun stjórnin annast lokafrágang á nk. vikum. Áróra setur upp bæði uppsett lög (með track changes) ásamt greinargerð og gerir aðgengilegt stjórn.

Pia Öhring er reynslumikil og sérfróð um sjálfbærnivottanir mannvirkja í Svíþjóð og hefur séð um slíkar vottanir frá BREEAM, LEED og Miljöbyggnad. Hún hefur um árabíl tekið þátt í starfsemi SGBC og er stofnandi piacon ab sem veitir ráðgjöf um sjálfbærni í mannvirkjagerð. Ákveðið að Pia og Emil haldi kynningu klst fyrir aðalfund 25. apríl nk í húsakynnum Verkís. **Áróra sendir fundarboð á aðildafélaga.**

Um 30 manns hafa staðfest komu á markáætlunarfund nk. fimmtudag. Tilhögun fundar var rædd.

Farið var yfir niðurstöður spurningakönnunar um markáætlun. Áróra kynnir niðurstöður fimmtudag. Ragnar fer yfir markáætlun og drög að stefnumótun fyrir félagið.

4. Starfsemi félagsins

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 15.35. Næsti stjórnarfundur er boðaður 18. apríl. Staðsetning hefur ekki verið ákveðin.